



Erindi skrifað til menningarráðs 24.08.2026,

*Óskað er eftir því að gerð sé úttekt á myglu við Tjarnargötu 12 og í kjölfar þess sé portið milli Tjarnarbíó og skrifstofurýmis borgarinnar endurhannað með það í huga að bæta vinnuaðstöðu listamanna í Tjarnarbíó, auka geymslupláss, og gera portið aðgengilegt almenningi.*

Fyrir hönd Tjarnarbíó er óskað eftir að portið á Tjarnargötu 12 sé tekið til skoðunar og endurhönnunar. Fyrir ofan portið eru skrifstofur þar sem meðal annars borgarstjórnarflokkar hafa vinnuaðstöðu, og í Tjarnarbíó sem nýtir portið einnig er mikil menningarstarfsemi. Á hverju ári koma um 30.000 leikhúsgestir í húsið, yfir 300 verktakar vinna að leikhússtarfsemi í einhverri mynd, auk ýmissa annarra viðburða svo sem ráðstefnur, veislur, tónleikar og fleira. Húsið á sér áhugaverða sögu, en salur leikhússins var fyrst íshús og síðar bíó, og aðstaðan baksviðs er í einni af elstu fyrrum slökkviliðsstöðum landsins. Í portinu felast ýmis tækifæri enda snýr það að fjölfarinni götu rétt hjá ráðhúsi Reykjavíkur og þökk sé húsunum í kring myndast mjög gott skjól. Turninn sem tilheyrði slökkvistöðinni er eitt af kennileitum Tjarnargötu og portið sem það gnæfir yfir bæði sögulegt og fallegt, þó það sé frekar falið eins og er.

Starfsemi Tjarnarbíó hefur aukist á hverju ári frá upphafi og í húsinu á þessu leikári eru 37 sýningar. Það er sirkús, dans, óperur, barnasýningar, uppistand, spuni og leiklist í ýmsum myndum. Því mætti vel halda fram að meirihluti nýsköpunar í sviðslistum eigi sér stað við Tjarnargötu, og alveg ljóst að húsið gegnir mikilvægu hlutverki í að veita upprennandi listamönnum tækifæri og þeim reynslumeiri færi á að gera tilraunir sem bjóðast ekki í stærri leikhúsum. Þessum hópum skortir betri vinnuaðstöðu og geymslurými. Eins og er rúmar húsið ekki leikmyndir fyrir nema brot af þessum hópum og yfirleitt þurfa menn að gera miklar málamiðlanir til að geta sýnt í húsinu. Ekki er verkstæði í húsinu til að vinna að búningum eða sviðsmynd sem eykur kostnað og vinnu þeirra listamanna sem eru í húsinu.

Það myndi gagnast Tjarnarbíó að geta stækkað út í portið og skapað þannig vinnuaðstöðu fyrir þessa hópa og auka geymslupláss í leiðinni. Einnig væri æskilegt að geta hleypt almenningi inn í portið, sem er mjög notalegt á góðviðrisdögum. Eins og er þá eru ruslatunnur sem tilheyra bæði

Tjarnarbíó og Reykjavíkurborg í portinu og það þyrfti að finna betri lausn sorphirðumálum til að slíkt væri æskilegt.

Það er hins vegar mjög aðkallandi fyrir borgina að kanna ástand húsnæðisins við Tjarnargötu sökum myglu sem er orðin áberandi. Skúr sem tilheyrir byggingunni sem skrifstofur borgarstjórnar nota, en hefur verið nýttur af Tjarnarbíó til að geyma palla er kominn með mikla fúkkalykt og áberandi myglu sem ekki er ólíklegt að sé farinn að dreifa sér í nærliggjandi húsnæði.

Fyrir hönd Tjarnarbíó

Snæbjörn Brynjarsson